

Vígsla Norðfjarðarganga

11. nóvember 2017

Laugardaginn 11. nóvember verða Norðfjarðargöng vígð við hátíðlega athöfn. Af því tilefni verður mikið um að vera í Fjarðabyggð alla helgina og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Ganga - hlaup Þróttar og Austra föstudaginn 10. nóvember kl. 18:00

Þróttur og Austra bjóða íbúum Fjarðabyggðar að mæta og ganga, skokka, hlaupa eða hjóla í gegnum göngin. Ræst verður af stað frá gangamunna Norðfjarðarmegin og endað á Eskifirði. Nánar auglýst inn á www.fjardabyggd.is og facebook síðum Austra og Þróttar.

Opið í Stefánslaug til kl. 21:30 - frítt inn fyrir þá sem tóku þátt í gangnahlaupinu



Blakveisla í íþróttahúsinu í Neskaupstað alla helgina

Föstudagur 10. nóvember

18:00 Mizuno-deild karla: Þróttur – Stjarnan

20:00 Mizuno-deild kvenna: Þróttur – HK

Laugardagur 11. nóvember

12:00 Mizuno-deild karla: Þróttur – Stjarnan

14:00 Mizuno-deild kvenna: Þróttur – HK

Sunnudagur 12. nóvember

12:00 2. flokkur kvenna: Þróttur - HK



Fjölskyldudagskrá á Eskifirði laugardaginn 11. nóvember frá kl. 10:00

Sundlaugin opnuð kl. 10:00 og kl. 11:30 hefst dagskrá á svæðinu við íþróttahúsið þar sem m.a. verður boðið upp á:

- Andlitsmálun
- Grillaðar pylsur
- Ýmsa skemmtilega leiki
- Íþróttaálfurinn mætir á svæðið kl. 12:00
- Og margt fleira skemmtilegt



Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar. Ef einhverjar breytingar verða munu þær verða kynntar inná www.fjardabyggd.is og facebook síðu Fjarðabyggðar



Beituskúrinn Neskaupstað föstudaginn 10. nóvember kl. 21:00

Tónleikar með Mugison í Beituskúrnum í Neskaupstað. Miðasala inn á mugison.com

2. umferð í mótarið Glímusambands Íslands laugardaginn 11. nóvember kl. 12:00 í íþróttahúsinu á Reyðarfirði

Margt af besta og færaða glímufólki landsins í öllum aldursflokkum verður mætt og leiðir saman hesta sína í æsispennandi keppni.



Flugeldasýning í boði Síldarvinnslunnar laugardaginn 11. nóvember kl. 19:00 í Neskaupstað

Björgunarsveitin Gerpir sér um flugeldasýningu í Neskaupstað að loknum tónleikum SúEllen og gesta.



Síldarvinnslan hf

Vígsluathöfn við gangamunna Norðfjarðarganga á Eskifirði laugardaginn 11. nóvember kl. 13:30.

Formleg vígsla fer fram við gangamunna Eskifjarðarmegin. Hægt verður að leggja bílum meðfram veginum upp að göngunum og eins verður hægt að leggja við vinnubúðir verktaka inn við bæinn Eskifjörð.

Dagskrá vígslunnar:

- Ávarp Hreins Haraldssonar vegamálastjóra
- Kór Reyðarfjarðarkirkju flytur tvö lög
- Ávarp Páls Björgvins Guðmundssonar, bæjarstjóra Fjarðabyggðar
- Hreinn Haraldsson vegamálastjóri afhendir Jóni Gunnarssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra göngin
- Klippið á vígsluborðann og allir keyra í gegn

Að vígsluathöfn lokinni býður Vegagerðin íbúum að þiggja kaffiveitingar í Dala-höllinni í Fannardal, Norðfirði. Þar munu gestir flytja ávörp og skemmtiatriði í boði heimamanna.

- Karlakórinn Ármenn syngur og Blásarasveit Fjarðabyggðar flytur lög



Stórtónleikar í Egilsbúð í tilefni af opnun Norðfjarðarganga og 30 ára útgáfuafmælis SúEllen laugardaginn 11. nóvember kl. 17:00

Í ár eru 30 ár liðin frá útkomu fyrstu plötu norðfirsku hljómsveitarinnar SúEllen. Af því tilefni og til að fagna komu Norðfjarðarganga verður slegið upp stórtónleikum í Egilsbúð þar sem drengirnir í SúEllen flytja öll sín bestu og frægustu lög ásamt Jóhönnu Fanneyju, Hröfnu Hönnu Elísu og fleiri gestum. Frítt inn og ekkert aldurstakmark.



Dansleikur í Egilsbúð laugardaginn 11. nóvember frá kl. 23:00 – 03:00

Jónsi í Svörtum fötum ásamt Hljómsveit. SúEllen verða sérstakir gestir á dansleiknum. Frítt inn, 18 ára aldurstakmark

Háski: Fjöllin rumska – Frumsýning í Egilsbúð sunnudaginn 12. nóvember kl. 17:00 – 2. sýning sunnud. 12. nóvember kl. 20:00

Tónleikar með Mezzoforte í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði sunnudaginn 12. nóvember kl. 20:00

Hljómsveitin Mezzoforte heldur um þessar mundir upp á 40 ára starfs-afmæli. Hljómsveitin hefur frá upphafi skráð nafn sitt á spjöld sögunnar og er nú væntanleg í Kirkju- og menningarmiðstöðina á Eskifirði með tónleika. Viðburður sem enginn má láta framhjá sér fara. Forsala miða verður 7. – 10. nóv. í síma 476 – 1742. Miðaverð: Forsala – 3.000 kr. Við hurð 4.000 kr.



FJARÐABYGGÐ